



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. nóvember 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (réttur til umönnunar) (Þingskjal 30 — 30. mál, 151. löggjþ.)

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri



## **Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðar breytingum (réttur til umönnunar)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir tækifærið.

Barnaheill fagna því að frumvarpið eigi að tryggja barni sjálfu rétt til umönnunar foreldra, en slíkur réttur hefur hingað til aðeins verið tryggður óbeint með rétti foreldris til að annast barn sitt í veikindum eins og segir frá í greinargerð með frumvarpinu. Foreldrar njóta mismunandi réttinda á grundvelli vinnusamninga til umönnunar barna sinna. Það leiðir til þess að börnum er mismunað um umönnun foreldra sinna en slíkt brýtur gegn 2. grein Barnasáttmálans. Barnaheill áréttar því að samtökin styðja við að réttur barns til umönnunar foreldra verði festur í lög.

Hins vegar telja samtökin að skýra þurfi ákvæðið og hafa nánari umfjöllun um útfærslu í greinargerð. Mikilvægt er að skýrt verði kveðið á um hvernig réttur barns til umönnunar foreldra verði framkvæmdur, þ.e. hver ábyrgist launamissi foreldris t.a.m. þegar barn þarfnast umönnunar í lengri tíma en foreldri hefur rétt til samkvæmt vinnusamningi? Hvernig á að tryggja að foreldri eigi rétt á leyfi frá störfum vegna réttar barnsins til umönnunar? Er um að ræða alla foreldra barns þegar til staðar eru stjúeforeldrar t.a.m.?

Barnaheill styðja því við að þingsályktunartillagan um skipan starfshóps um útfærslu þessa réttar barns sem í frumvarpinu er lagður til að verði lögfestur, verði samþykkt og telja jafnvel skynsamlegra að fara þá leið að bíða með að festa rétt barnsins í lög þar til ákveðið hefur verið hvernig eigi að framkvæma hann.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í allri sinni vinnu.